# Uppgjör 1H 2020

**Lilja B. Einarsdóttir**
Bankastjóri

**Hreiðar Bjarnason**
Framkvæmdastjóri Fjármála

# FYRIRVARI

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.

# Helstu niðurstöður – Rekstur 2F 2020

## Helstu niðurstöður á öðrum ársfjórðungi 2020

- Hagnaður á öðrum ársfjórðungi 2020 nam 341 milljónum eftir skatta, í samanburði við 4,3 milljarða króna hagnað á öðrum ársfjórðungi 2019.
- Hreinar vaxtatekjur námu 9,5 milljörðum króna í samanburði við 10,2 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2019.
- Virðisrýrnun útlána nam 8,2 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2020 samanborið við 1,4 milljarða króna á sama tímabili 2019. Aukningu má rekja til versnandi lánshæfi fyrirtækja, einkum í ferðaþjónustu.
- Nýjasta grunnspá Hagfræðideildar Landsbankans gerir ráð fyrir 8,7% efnahagslegum samdrætti á árinu 2020. Grunnspá hagfræðideildarinnar frá árinu 2019 gerði ráð fyrir 2% hagvexti á árinu 2020.
- Hreinar þjónustutekjur á tímabilinu eru 1,7 milljarðar króna samanborið við 2,1 milljarða á sama tímabili árið áður.
- Rekstrarkostnaður var 6,4 milljarðar króna samanborið við 7,1 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2019.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 0,6% á öðrum ársfjórðungi 2020 samanborið við 7,1% á sama ársfjórðungi 2019.
- Kostnaðarhlutfall á öðrum ársfjórðungi ársins var 42,7% samanborið við 42,3% á öðrum ársfjórðungi 2019.













Fjárhæðir í milljónum króna

# Helstu niðurstöður – Rekstur 1H 2020

## Helstu niðurstöður úr rekstri á fyrri helmingi ársins 2020

- Tap á fyrstu sex mánuðum ársins 2020 nam 3,3 milljörðum króna eftir skatta, í samanburði við 11,1 milljarða króna hagnað fyrir sama tímabil 2019.
- Hreinar vaxtatekjur námu 18,9 milljörðum króna í samanburði við 20,5 milljarða króna fyrir sama tímabil 2019.
- Virðisrýrnun útlána var neikvæð um 13,4 milljarða króna á fyrri helmingi ársins samanborið við 2,4 milljarða á sama tímabili 2019. Vænt útlánatap í áhættustigi 1 og 2 nemur 14 milljörðum í lok júní 2020 og hefur hækkað verulega frá því í byrjun ársins eða um 9,6 milljarða króna.
- Mat á væntu útlánatapi í lok fyrri helmingi ársins 2020 byggist á uppfærðum og líkindavegnum sviðsmyndum hagfræðideildar bankans. Áhrif breyttra efnahagssviðsmynda skýrir aukningu upp á 6,6 milljarða króna í væntu útlánatapi á fyrri helmingi ársins.
- Hreinar þjónustutekjur á tímabilinu námu 3,6 milljörðum króna samanborið við 4,1 milljarða á sama tímabili árið áður.
- Rekstrarkostnaður var 13,2 milljarðar króna samanborið við 14,3 milljarða króna á sama tímabili 2019.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var -2,7% fyrir fyrstu sex mánuði 2020 samanborið við 9,1% á sama tímabili 2019.
- Kostnaðarhlutfall fyrstu sex mánuði ársins var 54,1% samanborið við 40,4% á sama tímabili 2019.

### Hagnaður (Tap)




### Arðsemi eigin fjár




### Hreinar vaxtatekjur




### Kostnaðarhlutfall




Fjárhæðir í milljónum króna

# Helstu niðurstöður - Efnahagur

- Heildareignir námu 1.501 milljörðum króna í lok júní 2020.
- Útlán hafa aukist um 58 milljarða króna frá áramótum sem má að miklu leyti rekja til veikingar krónunnar, sem veldur hækkun á útlánum í erlendri mynt um 30 milljarða króna. Útlán til fyrirtækja hafa aukist um 22 milljarða og útlán til heimila hafa aukist um 36 milljarða króna en aukningin í óverðtryggðum íbúðalánum er 44 milljarðar króna.
- Eigið fé Landsbankans var 244,4 milljarðar króna í lok júní 2020 og hefur það lækkað um 3,3 milljarða frá áramótum.
- Eiginfjárhlutfall alls er nú 24,9% og hefur lækkað úr 25,8% frá árslokum 2019 og er vel umfram 18,8% eiginfjárkröfu FME.
- Heildarlausafjárþekja (LCR) er 191% í lok júní 2020 en var 161% í lok árs 2019. Hlutföllin eru vel umfram lágmarkskröfu.













Fjárhæðir í milljónum króna

# Þróun lykilmælikvarða












# Áhrif COVID-19 á lánasafn bankans

## Heildarútlán

Bókfært virði útlána er 1.198.210




84% af útlánum bankans er til viðskiptavina sem hafa ekki nýtt sér úrræði vegna áhrifa COVID-19.

Áhættustig 1 – Engin marktæk aukning í útlánaáhættu, framlagið metið sem 12 mánaða vænt útlánatap.

Áhættustig 2 – Marktæk aukning í útlánaáhættu, framlagið metið sem vænt útlánatap út líftíma vegna verulegs vaxtar frá upphafi skráningar í útlánaáhættu.

Áhættustig 3 – Virðisrýrt. Útán sem hefur verið vanefnt af lántaka eða er virðisrýrt að öðru leyti skal vera í stigi 3 og framlagið metið sem vænt útlánatap út líftíma.

## Grunnsviðsmynd

| | 2019 | 2020* | 2021* |
|---|---|---|---|
| Hagvöxtur | 1,9% | -8,7% | 4,9% |
| Atvinnuleysi | 3,6% | 9,1% | 7,0% |
| Meginvextir Seðlabankans | 3,0% | 0,5% | 0,75% |
| Verðbólga (breyting á meðaltals vísitölu milli ára) | 3,0% | 2,7% | 2,80% |
| Gengi EUR | 135,7 | 158 | 155 |
| Vísitala íbúðarverðs (breyting á milli ára) | 3,6% | 2,0% | 3,0% |

*Spá Hagfræðideildar Landsbankans.

# Mikill vöxtur íbúðalána

**3.963**

heimili tóku íbúðalán hjá Landsbankanum á fyrri helmingi ársins 2020.

**5 mínútur**

Meirihluti viðskiptavina framkvæmir greiðslumat með rafrænum hætti sem tekur aðeins fimm mínútur.

## Greiðslumat vegna íbúðalána




## Tegundir íbúðalána

| Tegund láns | Hámarks lánstími | Vextir | Veðhlutfall | Hámarks-fjárhæð | Uppgreiðslu-gjald |
|---|---|---|---|---|---|
| Grunnlán | Óverðtryggð / 40 ár | Breytilegir eða fastir í 3 eða 5 ár | Allt að 70% | 60 m.kr. | Að hámarki 1% ef fastir vextir |
| | Verðtryggð / 30 ár | Breytilegir eða fastir í 5 ár | | | |
| Viðbótarlán | Óverðtryggð / 15 ár | Breytilegir eða fastir í 3 til 5 ár | 70–85% | Nei | Að hámarki 1% ef fastir vextir |

## Markaðshlutdeild í íbúðalánum




Heimild: Seðlabanki Íslands

# Mikill vöxtur í sjálfsafgreiðslu

## Fjöldi heimsókna í app og netbanka




## Erlendar greiðslur




## Sjálfsafgreiðsluhlutfall

| | |
|---|---|
| **92%** viðskiptavina hafa framkvæmt rafræna áreiðanleikakönnun | **94%** viðskiptavina breyta korta-heimildum rafrænt |
| **92%** viðskiptavina sækja um kreditkort rafrænt | **85%** viðskiptavina fram-kvæma rafrænt greiðslumat vegna íbúðalána |
| **81%** viðskiptavina fram-kvæma rafrænt greiðslumat vegna bílalána | **67%** einstaklinga stofna rafrænt til nýrra viðskipta |

# Stafræn vegferð

Þróun og útgáfa stafrænna lausna verður áfram í brennidepli og bankinn mun sem fyrr bjóða viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og góð kjör.

Þjónustan verður í sífellt meiri mæli veitt í gegnum öpp, netbanka og vef bankans.

Notkun á stafrænum lausnum bankans er mikil og vaxandi og viðskiptavinir eru mjög fljótir að tileinka sér nýjungar.

Með stafrænum lausnum er hægt að veita meiri og betri þjónustu með hagkvæmari hætti.

Tækniþróun og örar breytingar á fjármálaþjónustu valda því að huga þarf sérstaklega að starfsþróun og tryggja að starfsfólk geti aflað sér nýrrar þekkingar og miðlað henni áfram.

## Áfangar í stafrænni vegferð



# Árangur Landsbankans

## Markaðshlutdeild einstaklinga




## Markaðshlutdeild fyrirtækja




## Ánægja með þjónustu – Einstaklingar




## Ánægja með þjónustu – Fyrirtæki




ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Landsbankinn er efstur banka í Íslensku ánægjuvoginni

EUROMONEY AWARDS FOR EXCELLENCE 2020

Alþjóðlega fjármálatímaritið Euromoney valdi Landsbankann besta banka á Íslandi

Heimild: Gallup

# Leiðandi í samfélagsábyrgð

## Leiðandi í Evrópu, 2. sæti af 382 bönkum

Landsbankinn er leiðandi í Evrópu skv. nýju UFS-áhættumati frá Sustainalytics og lækkar úr 17,5 niður í 13,5 stig. Landsbankinn er nú í 2. sæti af 382 bönkum sem fyrirtækið hefur mælt í Evrópu. Sustainalytics telur einkar litla hættu á að Landsbankinn verði fyrir fjárhagslegum áföllum vegna umhverfis- og félagslegra þátta og stjórnarhátta (UFS).

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Landsbankinn fylgir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með markvissum hætti í starfsemi sinni. Lögð er sérstök áhersla á þrjú markmið sem tengjast starfsemi bankans og hámarka jákvæð áhrif hans á umhverfið.

## Ábyrg bankastarfsemi

Landsbankinn fylgir viðmiðum UNEP-FI um ábyrga bankastarfsemi og er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar.

Út frá leiðbeiningum UNEP-FI hefur bankinn sett sér markmið til þess að vinna að heimsmarkmiðunum og Parísarsamkomlaginu sem tengjast m.a.:

- Meta losunarumfang lána- og eignasafns bankans
- Þróa græn útlán
- Vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði

# Eignarhald & lánshæfismat




| | **Ríkissjóður Íslands** | **Landsbankinn hf.** |
|---|---|---|
| Langtíma | **A** | **BBB** |
| Skammtíma | A-1 | A-2 |
| Horfur | Stöðugar | Stöðugar |
| Útgáfudagur | mars 2017 | apríl 2020 |

- Ný eigandastefna fyrir fjármálafyrirtæki sem ríkissjóður Íslands á eignarhlut í var gefin út í febrúar 2020.

**Áform ríkissjóðs varðandi Landsbankann**

- Stefnt er að ríkið eigi verulegan eignarhlut í bankanum til langframa til að stuðla að stöðugleika í fjármálakefinu og tryggja nauðsynlega innviði þess.
- Ekki verður tekin ákvörðun um söluferli á neinum hlutum ríkisins í bankanum fyrr en eftir að ríkið hefur selt allan eignarhlut sinn í Íslandsbanka.



# Fjárhagsleg markmið

| | Markmið | 1H 2020 | Leiðbeinandi viðmið |
|---|---|---|---|
| Arðsemi eigin fjár, án bankaskatts[1] (RoE) | ≥ 10% | -2,0% | Vegna mikillar óvissu um áhrif útbreiðslu COVID-19 á arðsemi eigin fjár bankans hefur áætlun um vænta arðsemi eiginfjár á árinu 2020 verið felld úr gildi |
| Kostnaðarhlutfall (C/I ratio) | ≤ 45% | 54,1% | Vegna mikillar óvissu um áhrif útbreiðslu COVID-19 á kostnaðarhlutfall bankans hefur áætlun um vænt kostnaðarhlutfall á árinu 2020 verið felld úr gildi |
| Eiginfjárhlutfall alls (TCR) | ≥ 23% | 24,9% | Markmið bankans er að viðhalda eiginfjárhlutföllum sem eru á hverjum tíma yfir eiginfjárkröfum FME að viðbættum 1,5 – 2,5% stjórnendaauka.<br>Markmið bankans er einnig að vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall, eins og það er ákvarðað og metið af viðeigandi lánshæfismatsfyrirtækjum.<br>Bankinn mun leitast við að gefa út víkjandi fjármögnuna á markaði, sé það talið hagkvæmt og hagfellt fyrir fjármagnsskipan bankans. |
| Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1) | ≥ 18% | 22,8% | |
| Arðgreiðsluhlutfall [2] (Dividend Payout ratio) | ≥ 50% | - | Til viðbótar er stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans. |

[1] Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 0,145% byggir á bókfærðu virði skulda í lok árs og er greiddur árlega. Skatturinn reiknast af bókfærðu virði skulda, að skattskuldum frátöldum, umfram 50 milljarða króna. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki fellur undir ófrádráttarbært gjald til tekjuskatts.

[2] Regluleg arðgreiðsla sem hlutfall af hagnaði síðasta árs.



# Rekstrarreikningur

# Rekstrarreikningur




Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrarreikningur

| | 1H 2020 | 1H 2019 | Breyting | | 2F 2020 | 2F 2019 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 18.939 | 20.459 | -1.520 | -7% | 9.512 | 10.214 | -702 | -7% |
| Hreinar þjónustutekjur | 3.598 | 4.136 | -538 | -13% | 1.653 | 2.076 | -423 | -20% |
| Hrein virðisbreyting fjáreigna | -13.435 | -2.372 | -11.063 | 466% | -8.191 | -1.378 | -6.813 | 494% |
| Aðrar rekstrartekjur | 173 | 5.677 | -5.504 | -97% | 2.901 | 1.955 | 946 | 48% |
| **Afkoma fyrir rekstrarkostnað** | **9.275** | **27.900** | **-18.625** | **-67%** | **5.875** | **12.867** | **-6.992** | **-54%** |
| Laun og launatengd gjöld | 7.646 | 7.369 | 277 | 4% | 3.802 | 3.689 | 113 | 3% |
| Annar rekstrarkostnaður | 4.636 | 4.862 | -226 | -5% | 2.206 | 2.340 | -134 | -6% |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 875 | 2.075 | -1.200 | -58% | 425 | 1.065 | -640 | -60% |
| **Rekstrarkostnaður** | **13.157** | **14.306** | **-1.149** | **-8%** | **6.433** | **7.094** | **-661** | **-9%** |
| **Hagnaður (Tap) fyrir skatta** | **-3.882** | **13.594** | **-17.476** | **-129%** | **-558** | **5.773** | **-6.331** | **-110%** |
| Tekjuskattur | -595 | 2.481 | -3.076 | -124% | -899 | 1.444 | -2.343 | -162% |
| **Hagnaður (Tap) tímabilsins** | **-3.287** | **11.113** | **-14.400** | **-130%** | **341** | **4.329** | **-3.988** | **-92%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrartekjur




## Samsetning tekna

- Hreinar vaxtatekjur
- Hreinar þjónustutekjur
- Hlutabréf
- Markaðsskuldabréf










Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrartekjur framhald













Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrargjöld

## Laun og tengd gjöld




## Stöðugildi




## Annar rekstrarkostnaður







Fjárhæðir í milljónum króna

# Skattar

| | 1H 2020 | 1H 2019 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Reiknaður tekjuskattur | -595 | 1.983 | -2.578 | -130% |
| Sérstakur fjársýsluskattur á hagnað[1] | 0 | 498 | -498 | -100% |
| **Tekjuskattur** | **-595** | **2.481** | **-3.076** | **-124%** |
| | | | | |
| Sérstakur fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki[2] | 875 | 2.075 | -1.200 | -58% |
| Sérstakur fjársýsluskattur á laun[3] | 351 | 354 | -3 | -1% |
| **Samtals** | **631** | **4.910** | **-4.279** | **-87%** |

[1] 6% Viðbótarskattur á tekjuskattsstofn umfram 1 milljarð króna.

[2] Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 0,145% (0,376% 2019) byggir á bókfærðu virði skulda í lok árs og er greiddur árlega. Skatturinn reiknast af bókfærðu virði skulda, að skattskuldum frátöldum, umfram 50 milljarða króna. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki fellur undir ófrádráttarbært gjald til tekjuskatts.

[3] 5,5% skattur á laun, bókast meðal launa og tengdra gjalda í árshlutareikningi.

**Skattar samtals**




Fjárhæðir í milljónum króna



# Efnahagsreikningur

# Heildareignir

| | 30.6.2020 | 31.12.2019 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 89.598 | 69.824 | 19.774 | 28% |
| Markaðsskuldabréf | 104.758 | 115.262 | -10.504 | -9% |
| Hlutabréf | 26.794 | 30.019 | -3.225 | -11% |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 56.394 | 47.929 | 8.465 | 18% |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.198.210 | 1.140.184 | 58.026 | 5% |
| Aðrar eignir | 25.356 | 23.110 | 2.245 | 10% |
| **Samtals** | **1.501.110** | **1.426.328** | **74.782** | **5%** |

Fjárhæðir í milljónum króna







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán













Fjárhæðir í milljörðum króna

*fram til 31.12.2017 voru vandræðalán skilgreind sem útlán með sértækt framlag og/eða útlán með >90 daga vanskil

# Virðisbreyting útlána

### Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina




### Áhrif virðisbreytinga á rekstur 1H 2020




### Heildarútlán eftir flokkun í áhættustig




### Virðisrýrnunarsjóður sem hlufall af kröfuvirði




Fjárhæðir í milljónum króna

# Þróun lánshæfiseinkunna

**Útlán til viðskiptavina eftir lánshæfiseinkunn**




- Neikvæð þróun var á lánshæfi fyrirtækja á F2 2020 og líkur á vanefndum jukust verulega vegna áhrifa af uppfærðum hagstærðum.
- Lánshæfiseinkunnir einstaklinga haldast stöðugar.
- Breytingar á efnahagsástandi hafa fyrr áhrif á lánshæfi fyrirtækja en einstaklinga.

**Útlán einstaklinga eftir lánshæfiseinkunn**




**Útlán til fyrirtækja eftir lánshæfiseinkunn**



# Útlán til einstaklinga













Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til fyrirtækja










* Þar af námu útlán til ferðaþjónustu 91,9 ma. Króna 30.06.2020 (96,3 ma. Króna 31.12.2019)

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Skuldir og eigið fé

| | 30.6.2020 | 31.12.2019 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 37.226 | 48.062 | -10.836 | -23% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 758.790 | 707.813 | 50.977 | 7% |
| Lántaka | 408.097 | 373.168 | 34.928 | 9% |
| Aðrar skuldir | 31.023 | 30.470 | 553 | 2% |
| Víkjandi lántaka | 21.527 | 19.081 | 2.446 | 13% |
| Eigið fé | 244.447 | 247.734 | -3.287 | -1% |
| **Samtals** | **1.501.110** | **1.426.328** | **74.782** | **5%** |

Fjárhæðir í milljónum króna







Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lánsfjármögnun













*EUR 100m víkjandi lán eru á gjalddaga 2028 með innköllunarheimild 2023.
ISK 5,5 milljarðar víkjandi lán er á gjalddaga 2029 með innköllunarheimild 2024.

Fjárhæðir í milljónum króna

# Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja










Lágmark skv. reglum 30% frá og með 01.01.2020.




Lágmark skv. reglum á fjármögnunarþekju FX: 80% 2016, 90% 2017 og 100% frá árinu 2018.

Fjárhæðir í milljónum króna

# Eiginfjárkröfur

| | CET1 | Tier 1 | Alls |
|---|---|---|---|
| Stoð I | 4,5% | 6,0% | 8,0% |
| Stoð II-R | 1,9% | 2,6% | 3,4% |
| **Lámarkskröfur undir Stoð I og Stoð II-R** | **6,4%** | **8,6%** | **11,4%** |
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu | 2,87% | 2,87% | 2,87% |
| Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki | 2,00% | 2,00% | 2,00% |
| Sveiflujöfnunarauki | 0,00% | 0,00% | 0,00% |
| Verndunarauki | 2,50% | 2,50% | 2,50% |
| **Samanlagðar kröfur um eiginfjárauka undir Stoð II-G** | **7,37%** | **7,37%** | **7,37%** |
| **Heildarkröfur um eiginfjárgrunn** | **13,8%** | **16,0%** | **18,8%** |
| **Eiginfjárhlutfall 30.6.2020** | **22,8%** | **22,8%** | **24,9%** |




## Áhættuvegnar eignir




Fjárhæðir í milljónum króna

- Staðalaðferð (e. Standardised Approach) er beitt við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. Basic Indicator Approach) við útreikning fyrir rekstraráhættu.
- Þann 19. mars 2020 ákvað Seðlabanki Íslands að aflétta kröfu um 2% sveiflujöfnunarauka á innlendar áhættuskuldbindingar, sem viðbrögð við COVID-19 faraldrinum. Heildarkrafa FME um eiginfjárgrunn Landsbankans er því 18,8% lok júní 2020.

# Arðgreiðslur og eiginfjárhlutfall

## Arðgreiðslutillaga 2020

- Aðalfundur bankans, sem haldinn var þann 22. apríl 2020, samþykkti tillögu bankaráðs um að arður yrði ekki greiddur út vegna rekstrarársins 2019 í ljósi efnahagslegrar óvissu í kjölfar COVID-19 og í samræmi við tilmæli Seðlabanka Íslands.

## Arðgreiðslur




## Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði ≥50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

## Eiginfjárhlutfall alls, breytingar 1H 2020




Fjárhæðir í milljónum króna

# Viðauki - ítarefni



# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi




- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykil hagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 25% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 50% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 25%.






# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi












# Kennitölur

| | 2F 2020 | 1F 2020 | 4F 2019 | 3F 2019 | 2F 2019 | 1H 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður eftir skatta | 341 | -3.628 | 3.875 | 3.247 | 4.329 | -3.287 | 18.235 | 19.260 | 19.766 | 16.643 |
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta | -0,9% | -5,4% | 8,0% | 8,0% | 9,5% | -3,2% | 9,6% | 11,1% | 11,0% | 8,7% |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta | 0,6% | -5,9% | 6,3% | 5,4% | 7,1% | -2,7% | 7,5% | 8,2% | 8,2% | 6,6% |
| Arðsemi eigin fjár, án bankaskatts | 1,3% | -5,2% | 8,0% | 7,1% | 8,9% | -2,0% | 9,2% | 9,8% | 9,5% | 7,7% |
| Arðsemi heildareigna eftir skatta | 0,1% | -1,0% | 1,1% | 0,9% | 1,2% | -0,4% | 1,3% | 1,5% | 1,7% | 1,5% |
| Eiginfjárhlutfall alls | 24,9% | 24,8% | 25,8% | 23,6% | 23,7% | 24,9% | 25,8% | 24,9% | 26,7% | 30,2% |
| Hreinar vaxtatekjur | 9.512 | 9.427 | 9.580 | 9.631 | 10.214 | 18.939 | 39.670 | 40.814 | 36.271 | 34.650 |
| Vaxtamunur eigna og skulda | 2,1% | 2,2% | 2,3% | 2,3% | 2,3% | 2,1% | 2,4% | 2,7% | 2,5% | 2,3% |
| Kostnaðarhlutfall | 42,7% | 72,6% | 46,2% | 43,9% | 42,3% | 54,1% | 42,6% | 45,5% | 46,1% | 48,4% |
| Heildarlausafjárþekja | 191% | 196% | 161% | 186% | 174% | 191% | 161% | 158% | 157% | 128% |
| Lausafjárþekja erlendra mynta | 476% | 489% | 769% | 577% | 555% | 476% | 769% | 534% | 931% | 743% |
| Lausafjárþekja ISK | 114% | 96% | 61% | 46% | 45% | 114% | 61% | 44% | 60% | 90% |
| Heildarfjármögnunarþekja | 117% | 115% | 117% | 119% | 119% | 117% | 117% | 120% | 124% | 123% |
| Fjármögnunarþekja erlendra mynta | 121% | 127% | 143% | 158% | 164% | 121% | 143% | 166% | 179% | 154% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna | 1,6% | 1,7% | 1,8% | 1,5% | 1,7% | 1,6% | 1,7% | 1,9% | 2,0% | 2,1% |
| Heildareignir | 1.501.110 | 1.523.188 | 1.426.328 | 1.415.262 | 1.402.835 | 1.501.110 | 1.426.328 | 1.326.041 | 1.192.870 | 1.111.157 |
| Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina | 157,9% | 157,7% | 161,1% | 161,5% | 162,0% | 157,9% | 161,1% | 153,6% | 153,0% | 144,7% |
| Stöðugildi | 872 | 886 | 893 | 903 | 903 | 872 | 893 | 919 | 997 | 1.012 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstur

| | 2F 2020 | 1F 2020 | 4F 2019 | 3F 2019 | 2F 2019 | 1H 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 9.512 | 9.427 | 9.580 | 9.631 | 10.214 | 18.939 | 39.670 | 40.814 | 36.271 | 34.650 |
| Hreinar þjónustutekjur | 1.653 | 1.945 | 2.125 | 1.958 | 2.076 | 3.598 | 8.219 | 8.157 | 8.431 | 7.809 |
| Hrein virðisbreyting fjáreigna | -8.191 | -5.244 | -1.399 | -1.056 | -1.378 | -13.435 | -4.827 | 1.352 | 1.785 | -318 |
| Gjaldeyrisgengismunur | -259 | 85 | -300 | -39 | -87 | -174 | -584 | -1.497 | -1.375 | -179 |
| Aðrar rekstrartekjur | 3.160 | -2.813 | 2.257 | 860 | 2.042 | 347 | 9.039 | 5.084 | 8.400 | 6.738 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **5.875** | **3.400** | **12.263** | **11.354** | **12.867** | **9.275** | **51.517** | **53.910** | **53.512** | **48.700** |
| Laun og launatengd gjöld | 3.802 | 3.844 | 3.805 | 3.284 | 3.689 | 7.646 | 14.458 | 14.589 | 14.061 | 14.049 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.206 | 2.430 | 2.505 | 2.167 | 2.340 | 4.637 | 9.534 | 9.348 | 9.789 | 9.465 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 425 | 450 | 1.064 | 1.065 | 1.065 | 875 | 4.204 | 3.860 | 3.253 | 2.973 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **6.433** | **6.724** | **7.374** | **6.516** | **7.094** | **13.157** | **28.196** | **27.797** | **27.103** | **26.487** |
| **Hagnaður (Tap) fyrir skatta** | **-558** | **-3.324** | **4.889** | **4.838** | **5.773** | **-3.882** | **23.321** | **26.113** | **26.409** | **22.213** |
| Tekjuskattur | -899 | 304 | 1.014 | 1.591 | 1.444 | -595 | 5.086 | 6.853 | 6.643 | 5.570 |
| **Hagnaður (Tap) tímabilsins** | **341** | **-3.628** | **3.875** | **3.247** | **4.329** | **-3.287** | **18.235** | **19.260** | **19.766** | **16.643** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagur

| | 30.6.2020 | 31.12.2019 | Breyting | | 31.12.2018 | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innistæður í Seðlabanka | 89.598 | 69.824 | 19.774 | 28% | 70.854 | 55.192 | 30.662 |
| Markaðsskuldabréf | 104.758 | 115.262 | -10.504 | -9% | 77.058 | 117.310 | 154.892 |
| Hlutabréf | 26.794 | 30.019 | -3.225 | -11% | 23.547 | 27.980 | 26.688 |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 56.394 | 47.929 | 8.465 | 18% | 71.385 | 44.866 | 20.408 |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.198.210 | 1.140.184 | 58.026 | 5% | 1.064.532 | 925.636 | 853.417 |
| Aðrar eignir | 25.356 | 23.110 | 2.246 | 10% | 18.665 | 21.886 | 25.090 |
| **Eignir samtals** | **1.501.110** | **1.426.328** | **74.782** | **5%** | **1.326.041** | **1.192.870** | **1.111.157** |
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 37.226 | 48.062 | -10.836 | -23% | 34.609 | 32.062 | 20.093 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 758.790 | 707.813 | 50.977 | 7% | 693.043 | 605.158 | 589.725 |
| Lántaka | 408.097 | 373.168 | 34.929 | 9% | 314.412 | 281.874 | 223.944 |
| Aðrar skuldir | 31.023 | 30.470 | 553 | 2% | 31.027 | 27.642 | 25.776 |
| Víkjandi lántaka | 21.527 | 19.081 | 2.446 | 13% | 13.340 | 77 | 388 |
| Eigið fé | 244.447 | 247.734 | -3.287 | -1% | 239.610 | 246.057 | 251.231 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.501.110** | **1.426.328** | **74.782** | **5%** | **1.326.041** | **1.192.870** | **1.111.157** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Starfsþættir

| 1.1 - 30.6.2020 | Einstaklingssvið | Fyrirtækjasvið | Markaðir | Fjárstýring | Aðrir starfsþættir | Jöfnunarfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 8.466 | 9.430 | 193 | 910 | -69 | 9 | 18.939 |
| Hreinar þjónustutekjur | 1.600 | 349 | 1.904 | -226 | 89 | -118 | 3.598 |
| Hrein virðisbreyting fjáreigna | -2.392 | -11.031 | -2 | -8 | -2 | 0 | -13.435 |
| Aðrar tekjur og (gjöld) | 166 | -1.872 | -2 | 1.871 | 22 | -12 | 173 |
| **Rekstrartekjur (gjöld) samtals** | **7.840** | **-3.124** | **2.093** | **2.547** | **40** | **-121** | **9.275** |
| Rekstrarkostnaður | -3.306 | -1.191 | -1.252 | -884 | -5.777 | 128 | -12.282 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | -286 | -291 | -7 | -282 | -9 | 0 | -875 |
| Útskiptur kostnaður frá stoðsviðum til tekjusviða | -2.094 | -1.318 | -725 | -385 | 4.522 | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **2.154** | **-5.924** | **109** | **996** | **-1.224** | **7** | **-3.882** |
| Tekjuskattur | -873 | 860 | -444 | -271 | 1.323 | 0 | 595 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **1.281** | **-5.064** | **-335** | **725** | **99** | **7** | **-3.287** |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildareignir | 535.502 | 626.576 | 18.270 | 590.114 | 15.939 | -285.291 | 1.501.110 |
| Heildarskuldir | 501.039 | 517.657 | 13.884 | 493.435 | 15.939 | -285.291 | 1.256.663 |
| Úthlutað eigið fé | 34.463 | 108.919 | 4.386 | 96.679 | 0 | 0 | 244.447 |

Fjárhæðir í milljónum króna